



Reykjavík 21. desember 2020

## Efni: Takmarkanir vegna COVID-19

Ný reglugerð vegna COVID-19, tekur gildi 23. desember 2021 gildir til og með 12. janúar 2022, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum. Sér leiðbeiningar verða senda út vegna skóla- og frístundastarfs.

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 er enn í gildi og er mikilvægt að hafa í huga almennar sóttvarnarráðstafanir eru enn í gildi.

### Helstu takmarkanir eru eftirfarandi:

- Almennar fjöldatakmarkanir 20 manns og börn ekki undanskilin, ath. breyting.
- Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 einstaklingar inni í sama rými.
- Náandarregla 2 metrar. Börn fædd 2016 og síðar eru undanþegin. Á veitingastöðum og meðal gesta á sitjandi viðburðum er náandarregla 1 metri milli sitjandi gesta.
- Grímuskylda: Almennt er skylt að nota grímu ef ekki er hægt að virða 2 metra regluna og skylt er að bera grímu í verslunum og verslunarmiðstöðvum. Börn fædd 2006 og síðar eru undanþegin grímuskyldu.
- Sitjandi viðburðir, heimilt er að hafa allt að 50 manns á sitjandi viðburðum, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
  1. Allir gestir séu sitjandi og ekki andspænis hver öðrum.
  2. Viðhöfð sé 1 metra nálægðartakmörkun milli ótengdra gesta.
  3. Allir gestir noti andlitsgrímu.
  4. Ekki séu seldar áfengisveitingar fyrir viðburð, á meðan hann stendur yfir og eftir að honum lýkur.
  5. Gestir skulu beðnir um að halda kyrru fyrir í sætum sínum, ef hlé er gert á viðburði, sé þess kostur.
- Hraðprófsviðburðir:

Með notkun hraðprófa er heimilt að halda skipulagða viðburði fyrir allt að 200 manns í sóttvarnahólfi. Uppfylla þarf sömu skilyrði og talin eru upp hér að ofan um sitjandi viðburð.
- Söfn mega taka á móti 50 manns í hverju hólfi að börnum meðtöldum. Fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> má bæta við fimm viðskiptavinum að hámarki 500 manns.
- Íþróttæfingar og keppnir barna og fullorðinna eru heimilar, jafnt með eða án snertingar, fyrir allt að 50 manns.
- Heilsu og líkamsræktarstöðvum er heimilt er að taka má móti 50% af hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2016 og síðar teljast ekki með.

- Skíðasvæðum er heimilt er að taka má móti 50% af hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2016 og síðar teljast ekki með.
- Sund og baðstaðstöðvum er heimilt er að taka má móti 50% af hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2016 og síðar teljast ekki með.
- Veitingahúsum og öðrum stöðum þar sem áfengisveitingar eru heimilar er óheimilt að hleypa inn nýjum viðskiptavinum eftir kl. 21.00 og allir gestir eiga að vera farnir hið síðasta kl. 22.00. Sama gildir um einkasamkvæmi á stöðum með vínveitingaleyfi. Náandarregla milli sitjandi gesta á veitingastöðum er 1 metri.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.covid.is](http://www.covid.is)

Reglugerðina er að finna [hér](#).

Ef texta hér fyrir ofan ber ekki saman við reglugerðina þá gildir textinn sem birtur er í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllst,

F.h. AHS